



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 2. október 2018
VEL2018080033

BM/pe

Velferðaráð

Svar við fyrirspurn um þjónustu sem einstaklingar sem glíma við fíkní- og geðvanda fá í félagslegri heimaþjónustu

Á 335. fundi velferðarráðs þann 17. ágúst 2018, lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Hvaða þjónustu fá einstaklingar sem glíma við fíkní- og geðvanda í félagslegri heimaþjónustu? Er einstaklingum synjað/neitað um þjónustu á meðan talið er að einstaklingur sé í neyslu?“

Svar:

Einstaklingar sem glíma við fíkní- og geðvanda fá félagslega heimaþjónustu eins og aðrir sem metnir eru í slíka þörf. Einstaklingum er ekki synjað/ neitað um þjónustu á grundvelli þess að þeir séu í neyslu. Þegar umsókn um heimaþjónustu berst eru aðstæður kannaðar og metnar. Tekið er tillit til færni viðkomandi til að sinna athöfnum daglegs lífs og honum veitt þjónusta til að mæta þörfum hans á þeim sviðum þar sem viðkomandi er ekki fær um að annast sjálfur. Þjónustan felst gjarnan í aðstoð við daglegar athafnir, s.s. heimilishald og í formi innlita til þess að veita stuðning og tryggja öryggi. Skapist þær aðstæður inni á heimilinu, vegna neyslu að starfsmaður telji að öryggi sínu sé ógnað eða að hann geti ekki veitt viðkomandi örugga þjónustu vegna vímuástands eru gerðar viðeigandi ráðstafanir. Slíkar ráðstafanir geta falist í því að fá heimahjúkrun til að koma að þjónustunni, óska eftir vímuefnaráðgjöf og/eða innlög á viðeigandi stofnun. Auk þess er hægt að kalla til aðila frá geðteymi sem Reykjavíkurborg starfrækir í samvinnu við Landspítalann og sé um íbúa í svokölluðu „Housing First“ húsnæði að ræða er þjónusta Vettvangs- og ráðgjafateymis (VoR) nýtt. Í einstaka tilvikum getur þurft að fresta þjónustu á meðan unnið er að lausn.

Berglind Magnúsdóttir
skrifstofustjóri